



Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík
hvin@hvin.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 16. september 2022

Efni: Drög að reglugerð um upplýsingakröfur vegna samninga um fjarskiptapjónustu, mál nr. 157/2022

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar drög að reglugerð um upplýsingakröfur vegna samninga um fjarskiptapjónustu, mál nr. 157/2022. Í reglugerðardrögum er kveðið nánar á um kröfur til fjarskiptafyrirtækja um upplýsingagjöf við gerð samninga við neytendur um fjarskiptapjónustu.

Samtök iðnaðarins hafa þegar komið á framfæri athugasemdum við ráðuneytið varðandi ákvæði ii-töluliðar, c-liðar, 5. gr. reglugerðardraganna þar sem vísað var til *jöfnunargjalds* en samtökin töldu óljóst við hvaða gjald væri átt. Fengu samtökin upplýsingar frá ráðuneytinu um að um ónákvæma þýðingu væri að ræða sem yrði leiðrétt.

Samtökin vilja einnig koma á framfæri að sem stendur er ómögulegt fyrir fjarskiptafyrirtæki að uppfylla ákveðin skilyrði reglugerðarinnar þar sem reglur Fjarskiptastofu á grundvelli 1. mgr. 71. gr. laga nr. 70/2022 liggja ekki fyrir. Í þessu samhengi er vísað sérstaklega til þeirra upplýsingakrafna sem eru lagðar til í 7. gr. og 3. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar. Samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2120 sem hefur verið innleidd hér á landi þurfa fjarskiptafyrirtæki að upplýsa neytendur um hraða og úrræði ef samfellt eða reglulegt misræmi er á milli raunafkasta netaðgangspjónustu og þeirra afkasta sem eru gefin upp í samningi eða tilboði. Þessar upplýsingar geta fjarskiptafyrirtæki ekki veitt nema að ákveðin samræmd aðferð liggja til grundvallar mælingum á þessum þáttum, hvort sem um ræðir farnet eða fastanet. Samkvæmt upplýsingum frá Fjarskiptastofu er óljóst hvenær umræddar reglur muni liggja fyrir. Í ljósi þess að brot gegn reglugerðinni varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga um fjarskipti telja samtökin þörf á að fella umrædd ákvæði úr reglugerðardrögum.

Virðingarfyllst,

Sigríður Mogensen,
sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI